

LÖG

um

47

14. júní

breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „hinn 1. vetrardagur“ í 23. gr. laganna komi: hinn 1. laugardagur í júlímánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.
LÖG

um

48

14. júní

laganefnd.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.